

Nd.

713. Nefndarátt

um trv. til laga um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja o. fl.

Frv. þetta er komið frá háttv. efri deild. Breytingar þær sem í frv. felast frá því sem er í núgildandi lögum, um þetta efni, eru aðallega þessar:

1. Sett eru ákveðin mörk um það, hvað teljast skuli áfengur drykkur í þessu sambandi, og er það í samræmi við bannlögin, $2\frac{1}{4}\%$ af vinanda.

2. Bannað er að gera aftur drekkandi áfengi, sem gert hefir verið óhæft til drykkjar.

3. Stjórnarráðinu er ætlað að setja reglur til tryggingar gegn því, að áfengi, sem nota á til verklegra afnota, sje notað til neyslu.

1. og 3. teljum vjer sjálfsagða vegna bannlaganna. 2. er ákvæði, sem framkvæmd bannlaganna hefir leitt í ljós, að nauðsynlegt sje, og bætir það úr greinilegum ágalla á löggjöfnni.

Með því að vjer teljum breytingarnar allar til bóta á núgildandi löggjöf um þetta efni, ráðum vjer háttvirtri deild til að samþykkja frv. óbreytt eins og það kemur frá háttvirtri efri deild.

Neðri deild Alþingis, 2. september 1915.

Jón Magnússon,
form.

Sig. Eggerz.

Sveinn Björnsson,
skrifari.

Pjetur Jónsson.

Jón Jónsson.